

Til Landssamtaka skógareigenda

Eftir umfjöllun á samráðsfundi í mars 2018 og umsögn LSE varðandi taxtabréf sem sent var samtökunum dagsett 27.febrúar 2018 var ákveðið að verða við vilja LSE að hluta og hækka viðmiðunartaxta vegna gróðursetninga um 6,9% frá því sem var 2017.

Aðrir þættir verða eins og Skógræktin lagði til í fyrrgreindu bréfi um 2,5% á milli ára.

	<i>Taxtar 2017</i>	Taxtar 2018
1. Gróðursetning:	<i>Krónur</i>	Krónur
67-gata bakki	14,30	15,29
40-gata bakki	16,90	18,07
35-gata bakki	19,40	20,74
24-gata bakki	20,80	22,24
Stiklingar	12,50	13,36
2. Áburðargjöf		
á nýgróðursetningu	8,20	8,41
á eldri plöntur	10,80	11,07
3. Handflekking	11,30	11,79
4. Erfið handflekking	14,70	15,38
5. Umsjónargjald	5,90	6,15
6. Íbætur/íblöndun	4,30	4,51
7. Plöntuflutningar kr. pr. plöntu		
Innan við 24,9 km. radíus frá dreifingarstöð	1,50	1,54
25-74,9 km. radíus frá dreifingarstöð	2,50	2,56
Yfir 75 km. radíus frá dreifingarstöð	3,50	3,59
8. Jarðvinnsla pr. ha .	35.793	36.688
9. Skjólbelti		sjá skýringu
10. Millibilsjöfnun í lerkiskógi		
A) fyrir tré/stofna sem eru grennri en 7 cm DBH eru greiddar kr.	77	79
B) fyrir tré/stofna sem eru sverari en 7 cm DBH eru greiddar kr.	118	121

Skýringar:

1. Gróðursetning. Mismunandi gjald er greitt fyrir hverja gróðursetta plöntu eftir bakkastærð.
2. Áburður og áburðargjöf. Mismunandi gjald er greitt fyrir áburðargjöf. Annars vegar á nýgróðursetningar þar sem miðað er við 12,5 gr. pr. plöntu sem dreift er u.þ.b. 5 cm frá plöntu og ofan við standi hún í halla. Inní gjaldinu er styrkur til áburðarkaupa en miðað er við að notaður sé áburður með N og P innihaldi. Algeng hlutföll af N-P eru 26-13, 25-5, 23-12, 24-9. Hins vegar áburðargjöf á eldri gróðursetningar, þar er átt við árgamlar gróðursetningar og

- eldri. Þá miðast magnið við 25 gr. pr. plöntu sem dreift er eins og á nýgróðursetta plöntu. Samráð skal haft við skógræktarráðgjafa ef talin er þörf á áburðargjöf á eldri gróðursetningar.
3. Handflekking. Þegar gróðurhula ca. 20 x 20 cm. er rifin af til að bæta skilyrði fyrir gróðursetta plöntu.
 4. Erfið handflekking. Eins og handflekking en á við um mjög grasgefið land og þéttan hrísmóa.
 5. Umsjónargjald. Til umsjónar telst umhirða og flutningur á plöntum á gróðursetningarsvæði, útfylling og skil á kortum og gróðursetningarskýrslum.
 6. Íbætur/íblöndun. Greitt er fyrir íblöndun þegar gróðursett er inn í eldri gróðursetningar. Á eingöngu við eftir ráðleggingar og samþykki ráðunauts.
 7. Plöntuflutningar. Greitt er fyrir hverja plöntu, fast gjald.
 8. Jarðvinnsla. Viðmiðunargjald ef bóndi sér sjálfur um jarðvinnslu (plæging, tæting, herfing osfrv.).
 9. Um styrki til skjólbeltaræktar á jörðum gilda eftirfarandi reglur. Skógræktin annast skipulagningu skjólbelta í samráði við ábúanda/landeiganda, eftirlit með framvindu þeirra og veita leiðbeiningar um meðferð þeirra. Ábúandi/landeigandi sér um jarðvinnslu, áburðargjöf, fergingu, plastlagningu og vörslu skjólbeltanna (t.d. girðingar). Af fjárveitingum Skógræktarinnar til skjólbeltagerðar mun fastur vélastyrkur lækka niður í andvirði innskatts af efniskaupum (plöntur og plast). Útborgun verði þar með engin, en ábúandi/landeigandi innheimti virðisaukaskatt efnisreikninga. Innihald styrks í skjólbeltasamningi verður því eftirfarandi:
 - a. Ráðgjöf og skipulag
 - b. Plöntur og íbætur
 - c. Gróðursetning skv. taxta
 - d. PlastdúkurÁbúandi/landeigandi skal fara eftir ráðleggingum starfsmanns Skógræktarinnar varðandi skipulag, jarðvinnslu, plastlagningu, gróðursetningu, áburðargjöf, umhirðu og vörslu skjólbeltanna. Fari ábúandi/landeigandi ekki eftir þeim ráðleggingum fær hann ekki áframhaldandi framlög til skjólbeltaræktar. Þau skjólbelti sem verða til á þann hátt sem að framan greinir verða að öllu leyti í eigu ábúanda/landeiganda.
 10. Greiðslur fyrir millibilsjöfnun í lerkiskógi og fyrir fyrstu grisjun (svæði minni en 3 ha.) í ungskógum er tvískiptur og er greitt eftir fjölda felldra trjáa. Öll grisjun umfram 3 hektara verður boðin út. Skógarbónda verður gert kleift að ganga inn í lægsta tilboð á sinni jörð ef hann óskar þess.

Kveðja, fyrir hönd Skógræktarinnar,

Sigríður Júlía Brynleifsdóttir
sviðstjóri skógarauðlindasviðs